

1. Fundarhlé séu tímasett

Mikilvægt er að stilla væntingar meiri- og minnihluta um þann tíma sem er veittur til að skrifa mótbókanir eða koma sér saman um einstaka málefni á dagskrá fundar. Fundir geta orðið langir og því mikilvægt að allir séu á sömu blaðsíðu hvað þetta varðar. Lagt er til að tilgreindur sé tími hvenær fundarhléi ljúki, ef fulltrúar þurfa lengri tíma þá getur forseti lengt fundarhléið með nýjum tilgreindum tíma.